


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
TRÉS1SL06		
Námsáætlun haust 2016		

Kennari	Ketill Sigurðarson, Kristján Davíðsson & Þorleifur Jóhannsson	Sk.st.	KES, KRD & ÞOR
----------------	---	---------------	----------------

Lýsing:

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og trésmíðavéla. Nemandinn kynnist ýmsum trésmíðasetningum, aðferðum við límingar, pússningu og meðferð yfirborðsefna. Nemandinn lærir að nota hefilbekki og stilla þá m.t.t. vinnustellinga og mismunandi verka og fær þjálfun í að nota áhöld til mælinga og uppmerkinga. Nemandinn fær fræðslu um öryggismál á trésmíðaverkstæðum og hættur sem leynast á vinnusvæðinu. Áhersla er lögð á að nemandinn læri hvernig ganga skuli um tæki og vélar og að nota nauðsynlegar persónu- og öryggishlífar.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnuumhverfi trésmíða
- öryggismálum á trésmíðaverkstæðum
- algengum tegundum smíðaviðar
- algengustu trésmíðavélum
- algengustu hand- og rafmagnshandverkfærum
- helstu trésmíðasetningum
- grunnatriðum yfirborðsmeðferðar á smíðaviði


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi smíðavið og efni
- nota algeng handverkfæri og trésmíðavélar
- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- bera yfirborðsefni á tré með mismunandi hætti
- nota persónuhlífar og öryggishlífar á trésmíðavélum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- smíða einfalda hluti eftir teikningum og verklýsingum
- leysa af hendi fjölbreytt verkefni
- vinna með helstu tæki og vélar sem notuð eru við störf á trésmíðaverkstæði
- meta hættur sem leynast á trésmíðaverkstæði
- velja hlífðarbúnað og hlífar í samræmi við aðstæður

Námsgögn: Efni frá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
TRÉS1SL06		
Námsáætlun haust 2016		

Verkefni:

Ýmiskonar samsetningar á hornum og önnur verkefni sem hæfa markmiðum áfangans

Vika	Verkefni
33-35	Kynning og undirbúningur
35-36	Heflun og sögun
36-42	Nokkrar gerðir hornasamsetninga (geirnegling, gluggahorn ofl.)
42-45	Stólkollur
45-48	Vinnutrappa

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er símatsáfangi. Einkunnir verða byggðar á vinnu nemandans og ástundun í áfanganum.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Heflun og sögun	Þjálfun í notkun handverkfæra	20%	
Hornasamsetningar	Nokkrar gerðir hornasamsetninga (geirnegling, gluggahorn ofl.)	30%	
Stólkollur	Vinnsla með gegnheilt efni, bæsir og lökk	25%	
Vinnutrappa	Vinnsla með gegnheilt efni	25%	
	Samtals:	100%	
Annað:			

Dagsetning: 19. ágúst 2016


Ketill Sig


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils